



Akraneskaupstaður

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Akranes dags, 7. júní 2019

Umsögn um Grænbók, stefnu um málefni sveitarfélaga.

Á fundi bæjarráðs Akranes þann 31. maí 2019 var fjallað um Grænbókina, stefnu um málefni sveitarfélaga.

Bæjarráð Akraness fagnar framkominni Grænbók og tekur undir leiðarljós hennar þar sem m.a. er kveðið á um mikilvægi sjálfstjórnar sveitarfélaga, gagnkvæmna virðingu í samskiptum ríkis og sveitarfélaga og skýra verka- og ábyrgðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga við veitingu opinberrar þjónustu.

Bæjarráð Akraness tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í Grænbókinni að verkaskipting í opinberri stjórnsýslu skuli miðast við að sveitarfélög annist nærþjónustu, en til þess að svo geti orðið er það ófrávíkjanleg krafa af hálfu bæjarráðs Akraness sveitarfélögum séu tryggðir nauðsynlegir tekjustofnar í samræmi við þau verkefni sem þeim eru falin með lögum og að nýjar reglur eða kröfur af hálfu ríkis í garð sveitarfélaga séu ávallt háðar kostnaðarmati og ákvörðun sem tryggir fullnægjandi fjármögnun og skilgreinir ábyrgð og skyldur ríkis og sveitarfélaga, hvors um sig.

Bæjarráð Akraness tekur undir mikilvægi þess að unnar séu breytingar á regluverki Jöfnunarsjóðs með það að markmiði að einfalda regluverkið, auka gegnsæi um forsendur úthlutunar og að jöfnunarkerfið feli í sér hvata til sameiningar sveitarfélaga. Í þessu samhengi leggur bæjarráð Akraness mikla áherslu á að öll áform um skerðingu á framlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði dregin til baka. Áætluð skerðing þýðir tekjutap upp á 86,9 milljónir fyrir Akraneskaupstað á næstu tveimur árum sem þýðir m.a. minna framlag úr Jöfnunarsjóði til málefna grunnskóla og málefna fatlaðra.

Bæjarráð Akraness krefst þess að ríkið taki markvissan þátt í styrkingu sveitastjórnarstigsins og fjárfesti í því með það að markmiði að sveitarfélögum verði fækkað umtalsvert. Að ekki séu

einungis fjárhagslegir hvatar til sameiningar sveitarfélaga heldur ráði þar mestu að hagur íbúa sé í öndvegi í öfluggu sveitarfélagi sem býður upp á betri þjónustu.

Bæjarráð Akraness telur að til þess að sveitarfélög verði sjálfbærar þjónustu- og rekstrareiningar sé nauðsynlegt að fækka sveitarfélögum og skilgreina þau verkefni sem sveitarfélag verði að geta sinnt eitt og óstutt. Akraneskaupstaður er fús til þátttöku í verkefnum sem miða að sameiningu sveitarfélaga.

Þá telur bæjarráð að leita skuli leiða til þess að öll nærþjónusta verði á forræði sveitarfélaga. Í því ljósi hefur Akraneskaupstaður lýst sig reiðubúinn til samtals um að gerast tilraunasveitarfélag í yfirfærslu framhaldsskólans til sveitarfélaga. Bæjarráð ítrekar þó mikilvægi þess að slíkri ákvörðun fylgi raunhæft kostnaðarmat, fullnægjandi fjármögnun og skýr skilgreining á ábyrgð og skyldum ríkis og sveitarfélaga.

Umsögn bæjarráðs Akraness er hér með komið á framfæri.